

23. nóvember 2022

Niðurstöður SET- lista í Oddeyrarskóla

SET listar voru lagðir fyrir í Oddeyrarskóla þann 23. nóvember 2022. Í upphafi var rætt við Önnu Bergrós skólastjóra og lagðar fyrir hana spurningar sem snúa að SMT skólafærni.

Að því loknu fóru athugendur um skólann og skoðuðu hin ýmsu svæði þar sem hugað var að sýnileika reglna og SMT handbók starfsmanna er nú rafræn. Þá var rætt við nemendur í öllum aldurshópum víðsvegar um skólann. Reynt var að finna viðmælendur í hópi starfsmanna og nemenda á ólíkum aldri og kyni og jafnframt starfsmenn sem sinna ólíkum störfum. Mikil enduskoðun hefur verið gerð fyrir tveimur árum. Heildarmeðaltal skors fyrir flokkana sjö er **93%** sem er mjög góður árangur.

Hér fyrir neðan má sjá niðurstöðurnar úr hverjum flokki fyrir sig:

A. Reglur skilgreindar - 100% Mjög gott.

Jákvæðar skólareglur eru til staðar og reglur voru sýnilegar á flestum svæðum. Til er reglutafla með öllum skólareglum, hún er t.d. á upplýsingatöflu í stjórnunarálmu. Búið er að draga saman þær reglur sem tilheyra hverju svæði fyrir sig og setja á litað spjald og hengja á áberandi staði sem er mjög skýrt og gott.

B. Reglur kenndar – 80% Gott.

Í viðtölum við starfsmenn kom fram að 80% þeirra hafa kennt reglur þetta skólaárið. Aðspurðir starfsmenn þekktu allir einkunnarorðin ábyrgð, virðingu og vináttu. 80% nemenda sem spjallað var við þekktu einkunnarorðin. Margir nýir kennara og starfsmenn eru komir í skólann og voru þess vegna nokkrir ekki búnir að kynna sér SMT eða höfðu ekki fengið fræðslu. Það kemur fram í viðtali við skólastjóra að SMT teymið mun skipa nýjan ábyrðarmann í reglukennslu og auka eftirfylgni í reglukennslu það eru ný úrbótarverkefni fyrir árið 2023.

C. Viðvarandi hvatningarkerfi – 100% Mjög gott.

Allir nemendur sem við var rætt höfðu fengið hrósmiða (þrumu) síðustu vikur og allir nema einn starfsmaður sem rætt var við höfðu veitt þrumu. Þó kom fram hjá eldri nemendum að þeim þætti líka gott að fá hrós á mentor.

D. Viðbrögð við óæskilegri hegðun – 100 Mjög gott.

Starfsmenn eru sammála stjórnanda um að alvarlegum agabrotum, ofbeldismálum og ef mætingum er verulega ábótavant er vísað til stjórnenda eða í lausnatemyi SMT. Að sögn skólastjóra er ekki mikið um að málum sé vísað til stjórnenda. Starfsmenn leysa oft sjálfir úr málum sem upp koma. Hins vegar eru stjórendur í lausnar-teyminu þannig

að þeir hafa alltaf afskipti af slíkum málum. Starfsmenn nefndu ekki sérstakt agaverli sem þeir styðjast við í sambandi við agamál.

E. Eftirlit og ákvarðanatöka – 80% Gott.

Skráningar hafa í gegnum tíðina verið í Mentor. Litamerkt.

Teymið deildir upplýsingum með öðru starfsfólki vikulega. Niðurstöður skráninga eru kynntar tvisvar á ári fyrir starfsmannahópnunum en æskilegt er að gera það a.m.k. þrisvar á ári.

F. Stjórnun 95% Mjög gott.

SMT teymið er almennt virkt í að stýra SMT starfinu og fundar vikulega í 30 mínútur. Lausnarteymi er virkt í skólanum og þar sitja 5 starfsmenn og hefur það gefið góða raun.

G. Stuðningur sveitafélags – 100% Mjög gott

Á fræðsluviði Akureyrarbæjar er starfsmaður sem hægt er að leita til varðandi SMT. Þar er boðið upp á námskeið fyrir starfsmenn og námskeið og meðferð (PMTO) fyrir nemendur og foreldra.

Vegna covid hefur ýmilegt legið niðri t.d. Grunnmenntun fyrir starfsmenn en er komið í gang aftur. Það þarf að gera ráð fyrir kostnaði varðandi SMT, s.s. prentun á þrumum, umbun og árlega hátíð þegar búið er að safna tilsettum fjölda af þrumum.

Í skólanum var mjög vel tekið á móti okkur og voru allir tilbúnir að gefa sér tíma í að svara spurningum okkar. Reglur á svæðum voru almennt sýnilegar og snyrtilega upp settar. Reglukennsla og fræðsla fyrir nýja starfsmenn er það sem helst mætti vinna upp. Annars fábær árangur.

Desember 2022

Alda Stefánsdóttir og Guðbjörg Ingimundardóttir lögðu fyrir SET lista að þessu sinni.